



209. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands – haldinn á Microsoft Teams 26. nóvember 2020 kl. 09:00

Mætt: Olga Líska Garðarsdóttir, Hólmfríður Erna Kjartansdóttir (fyrir Ingvar Pétur), Elín Einarsdóttir, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason (fulltrúi kennara), Kristín Traustadóttir og Sigursveinn Sigurðsson.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, formaður skólanefndar, boðaði forföll.

Gestir: Björgvin E. Björgvinsson, áfangastjóri, Haraldur Eiríksson, fjármálastjóri.

Jón G. Valgeirsson, varaformaður skólanefndar, setur fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir 208 og 209 verða sendar með tölvupósti eftir fundinn og kynntar til undirritunar á næsta fundi.

2. Staðan í Covid – OLG

Einn nemandi er á heimavistinni eins og er, enda er lítil staðkennsla í gangi í skólanum. Vonir standa til að geta kennt staðbundið nám eftir áramót og um leið tekið við fleiri nemendum inn á heimavistina.

3. Kvöldskólinn – útlit við lok nóvember – SMS

Sigursveinn fór yfir stöðu umsókna í kvöldskólann í dag, en 14 umsóknir hafa borist um nám í rafvirkjun, 8 í húsasmíði og 4 í tækniteiknun.

Þetta námsúrræði tengist meðal annars áttakinu *Nám er tækifæri* og hafa atvinnuleitendur sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun forgang í námið, en sér fjármagn fylgir þeim til skólans.

GBG spurði um framhald kvöldskólans eftir vorönnina. Því var svarað til að stefnan er sú að halda kvöldskólanum áfram. Varðandi fjármögnun er ekkert fast í hendi. Mikilvægt að fá það á hreint sem fyrst.

4. Könnun á námi og líðan í fjarkennslu í bóklegum áföngum – OLG

Olga fór yfir niðurstöður könnunar sem var lögð fyrir nemendum í nóvemberbyrjun.

Helstu niðurstöður eru meðal annars þær að nemendur upplifa mikið álag á haustönninni, af ýmsum ástæðum, meira en t.d. í skólalokuninni sl. vor, enda annað skipulag á haustönninni.

Spennandi verður að sjá niðurstöður námsmatsins í desember og skoða út frá svörum nemenda.

Spurt var hvort einhver munur væri á líðan nemenda á fyrsta ári og þeim sem eru komnir lengra í námi sínu. Olga svaraði því til að nýnemarnir stæðu að sumu leyti betur enda



hefðu þeir fengið að vera meira í húsi í byrjun haustannar. Hún hefði í raun meiri áhyggjur af eldri nemendum og stöðu þeirra.

5. Ýmis tölfræði – brottfall, útlit næstu annar, annað... - OLG/BEB

Björgvin fór yfir stöðuna í dag og bar saman við síðustu haustannir, með þeim fyrirvara að haustönninni er ekki lokið.

30 nemendur höfðu hætt námi við skólann það sem af er og er það heldur lægra hlutfall en á sama tíma í fyrra. Hins vegar hafa fleiri nemendur sagt sig úr einstaka áfanga nú heldur en síðustu haustannir.

6. Staðan á fjármálum skólans – HE

Útlit er fyrir ca. 50 milljóna kr. halla árið 2020. Skólinn átti uppsafnaðan afgang frá síðustu árum upp á 100 milljóna. kr. Ekki miklar líkur á miklum úrbótum í fjárukalögum ársins 2020, en skv. frumvarpinu eru 5,8 milljónir eyrnamerkta FSu.

Spá næsta árs er erfið. Skilað var spá upp á 155 milljón kr. halla fyrir næsta ár. Til að hægt sé að laga þetta þyrfti að hækka nemendaviðmið í takt við raunverulegan nemendafjölda í skólanum. Ljóst er að mikil íbúafjölgun hefur verið á svæðinu síðustu ár og ekki útlit fyrir að hægist á henni á næstunni með tilheyrandi fjölgun.

Stærsta fjárfestingin í ár voru endurbætur á eldhúsinu en skólinn borgaði fyrir tækjabúnaðinn. Þó kom sér vel að skólinn gat keypt notuð tæki að hluta úr þrotabúi.

Þá sótti skólinn um styrk úr orkusjóði vegna uppsetningar á hleðslustöð fyrir rafbíla.

7. Önnur mál:

- a. Olga sagði frá Grænum skrefum í ríkisrekstri en skólinn þarf að hafa uppfyllt ákveðin viðmið fyrir næsta sumar. Úttekt fer fram á morgun vegna fyrsta skrefs af tveimur en búið er að breyta hinu og þessu í rekstrinum til að mæta kröfum sem fylgja þessu.
- b. Sagt frá brautskráningu sem er sett á laugardaginn 19. desember og óvissunni sem tengist framkvæmd hennar. Beðið er eftir nýjum sóttvarnarreglum.
- c. Skoðunarferðinni í nýtt kennslueldhús frestað til næsta fundar.

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn, 11. febrúar kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:13

Fundarritari,

Sigursveinn Sigurðsson